

1873.

9. ágúst.

# 68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um tollskrá með skipi.

Útaf því, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hefir gjört þá athugasemd, þá er hann gaf út affermingarskýrteini handa galeasskipinu „*de tre Venner*“, sem skipstjóri „*H. F. Olsen*“ ræður fyrir, að tollskrá sú, er skipið hafði meðferðis, hafi verið ónákvæm, með því 4 tunnu-ílát með 8 mælistiga brennivíni, sem tilfærðar voru á henni, eigi voru í skipinu, og voru heldur eigi nefndar í vöruskrá kaupmannsins eða farmskrá skipstjórans, en í skipinu fundust 3 ánger eða 103½ pottur af brennivíni handa skipverjum sjálfum, sem eigi var getið um í tollskránni, gefum vèr til yður til vitundar samkvæmt beiðni frá úrskurðarstjórninni í málum um óbeinlínis skattgjöld, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það fyrnefndum sýslumanni, að brennivínsbruggari *Olsen* hefir sagt svo til, að með skipinu ætti að fara 4 tunnu-ílát eða ánger með 142 pottum brennivíns, án þess að því væri bætt við, að það væri ætlað skipverjum sjálfum, og væri eitt ángeríð drukkíð á leiðinni, en 3 væri eptir með 103½ potti.

# 69. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um jarðaskipti á kirkjujörð og bændaeign.

11. ágúst.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra landshöfðingi, 9. júní þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegneglum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 1. þ. m. allramildilegast að fallast á, að skipta megi tveimur kirkjujörðum, sem heyra undir Rafnseyrar prestakall í Ísafjarðarsýslu í vesturumdæminu, Bolungarvík í Grunnavíkurhrepp og Horn í Sléttuhrepp, fyrir jörðina Kleyfar í Súðavíkurhrepp í tæðri sýslu, sem er eign Ásgeirs bónda Magnússonar; þó skal viðreki og